



Fjárhagsgreining ferðapjónustunnar 2021 og 2022

Ráðgjafarsvið KPMG

—
28. mars 2023

Formáli



Í lok febrúar 2022 var öllum takmörkunum vegna faraldursins aflétt og farþegar tóku að streyma á ný til landsins. Eftir tvö mögur ár ferðaþjónustunnar í faraldri var loks kominn tími til að blása til sóknar enda ljóst að mikill uppsafnaður ferðavilji var til staðar. Viðspyrna ferðaþjónustunnar hófst af fullum þunga á árinu 2022. Mótvægisáðgerðir stjórnvalda lögðu grunn að því að halda fyrirtækjum í rekstri en engu að síður skipti máli sú aðlögunarhæfni og þrautseigja sem einkennir íslenska ferðaþjónustu.

Þessi skýrsla er sú fjórða sem Ferðamálastofa gerir með KPMG þar sem fjallað er um áhrif faraldursins á ferðaþjónustuna. Í fyrri skýrslum var ítarlega fjallað um rekstur, efnahag og rekstrarskilyrði fyrirtækja í ferðaþjónustu fyrir og í heimsfaraldri. Eins og þar kemur fram hafði faraldurinn þau áhrif að skuldir ferðaþjónustufyrirtækja jukust umtalsvert. Þar af leiðandi er eitt helsta markmið þessarar skýrslu að greina hvort snjóhengja skulda liggja yfir greininni nú þegar faraldurinn hefur liðið undir lok.

Skýrslan byggir á ársreikningum yfir 2000 ferðaþjónustufyrirtækja fyrir árið 2021 utan flugs og flugtengdrar starfsemi. Í henni er ítarlegt uppgjör ársins 2021 og eins sett fram spá fyrir árið 2022, en ársreikningar þess árs hafa ekki enn verið birtir. Auk upplýsinga úr ársreikningum er í skýrslunni stuðst við ýmis opinber gögn, ásamt upplýsingum frá aðilum sem starfa innan greinarinnar, til þess að varpa ljósi á drifkrafta ferðaþjónustunnar á árunum 2021 - 2022.

Ferðaþjónustan náði vopnum sínum á ný á árinu 2022. Að því sögðu stendur ferðaþjónustan frammi fyrir ýmsum áskorunum á komandi árum. Efnahagsumhverfið sem blasir við rekstraraðilum þegar hér er komið við sögu er krefjandi. Verðbólga er há, fjármagnskostnaður fer áfram hækkandi og órói er í heimspólitíkinni.

Mikilvægt er að snúa bókum saman, móta skýra framtíðarsýn og tryggja farsæla og sjálfbæra framtíð greinarinnar, öllum landsmönnum til góðs.

Arnar Már Ólafsson
Ferðamálastjóri

Tengiliðir KPMG:

Svanbjörn Thoroddsen

Sviðsstjóri, hluthafi
Ráðgjafarsvið KPMG
sthoroddsen@kpmg.is

Ásta Brá Hafsteinsdóttir

ahafsteinsdottir@kpmg.is

Kjartan Ottósson

kottosson@kpmg.is

Sylvía Rut Vilhjálmsdóttir

svilhjalmsdottir@kpmg.is

Efnisyfirlit

01	Samantekt	5
02	Drifkraftar í rekstri og afkomu ferðaþjónustu	7
03	Áhrif stuðningsaðgerða	14
04	Talnagrunnur og forsendur áætlunar 2022	18
05	Þróun rekstrar og afkomu	22
06	Þróun efnahags	27
07	Rekstrarhæfi fyrirtækja	34
	Viðauki	38

Vinnsla á efni greiningarinnar



Ráðgjafarsvið KPMG ehf. (KPMG) hefur að beiðni Ferðamálastofu unnið greiningar á fjárhagsstöðu og áskorunum ferðaþjónustufyrirtækja vegna COVID 19 heimsfaraldursins. Þessi skýrsla er sú fjórða í greiningum KPMG á áhrifum COVID 19 á rekstur og fjárhag fyrirtækja í ferðaþjónustu.

Greiningarnar voru unnar í góðu samstarfi við starfsmenn og fulltrúa Ferðamálastofu. Fjárhagsgreiningar byggja á líkani sem KPMG hefur unnið. Líkanið byggir m.a. á gögnum úr ársreikningum ferðaþjónustufyrirtækja sem fengin voru frá Creditinfo. Ársreikningarnir í gagnagrunninum með fjárhagsupplýsingar fyrir árið 2021 voru 2.180 talsins. Auk þess var m.a. unnið með gögn og greiningar frá Ferðamálastofu, Hagstofunni og Seðlabanka Íslands.

Vinnuhópur rýndi og dró ályktanir líkt og við vinnslu fyrri skýrslna. Eftirtaldir aðilar unnu og rýndu efni þessarar skýrslu:

- Ásta Brá Hafsteinsdóttir, ráðgjafi á ráðgjafarsviði KPMG
- Jakob Rolfsson, forstöðumaður Rannsókna og tölfraeðisviðs Ferðamálastofu
- Jóhann Viðar Ívarsson, greinandi hjá Ferðamálastofu
- Kjartan Ottósson, ráðgjafi á ráðgjafarsviði KPMG
- Óskar Jósefsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar ferðamála
- Skarphéðinn Berg Steinarsson, fyrrverandi Ferðamálastjóri
- Svanbjörn Thoroddsen, hluthafi og sviðsstjóri ráðgjafarsviðs KPMG
- Sýlvía Rut Vilhjálmisdóttir, ráðgjafi á ráðgjafarsviði KPMG

01

Samantekt

Efnisyfirlit

- 01 Samantekt
- 02 Drifkraftar ferðaþjónustu
- 03 Áhrif mótvægisáðgerða
- 04 Talnagrunnur og forsendur
- 05 Þróun rekstrar og afkomu
- 06 Þróun efnahags
- 07 Rekstrarhæfi fyrirtækja



Helstu niðurstöður

Endurreisn

ferðapjónustunnar árið 2022

Fjöldi ferðamanna var 1,7 milljónir árið 2022, sem er 85% af fjölda ferðamanna árið 2019 – síðasta ár fyrir heimsfaraldur.

Erlendir ferðamenn dvöldu að jafnaði lengur árið 2022 en þeir gerðu fyrir heimsfaraldur.

Seldar gistinætur árið 2022 voru fleiri en fyrir faraldur, sem er betri mælikvarði á umfang ferðapjónustu en fjöldi ferðamanna. Þetta er ein skýring þess að áætlaðar tekjur ferðapjónustu (án flugs) eru hærri árið 2022 en fyrir faraldur.



Viðspyrna ferðapjónustunnar árið 2022

Áætlaðar tekjur árið 2022 hærri en þær voru fyrir heimsfaraldur.



Fjöldi fyrirtækja í ferðapjónustu sá sami fyrir og eftir faraldur

Mótvægisaðgerðir ásamt seiglu og sveigjanleika greinarinnar gerðu yfir 2.000 fyrirtækjum kleift að halda velli í faraldrinum. Þetta lagði grunninn að öflugri viðspyrnu árið 2022.



Greinin tapaði samtals 27 ma.kr. í faraldrinum 2020 og 2021. Mótvægisaðgerðir voru 22,5 ma.kr. á sama tíma

Eðlilegt er að horfa á afkomu greinarinnar yfir COVID árin 2020 og 2021 saman.



Góð afkoma á viðspyrnuárinu 2022 þýðir að fjárhagsstaða atvinnugreinarinnar er minna áhyggjuefni en áður var talið

Skuldastaða greinarinnar í heild virðist viðráðanleg ef afkomubati ársins 2022 varir næstu ár. Fyrirtækjum í rekstrar- og fjárhagserfiðleikum fækkar.



Ekki enn kominn tími til að halla sér aftur

Að mörgu leyti var árið 2022 óvenju gott og ekki víst að greinin geti viðhaldið þetta góðri afkomu. Krónan var veik og verð á gistingu og bílaleigum voru hlutfallslega há. Þá voru áhrif vaxtahækkana, launahækkana og aukinnar verðbólgu ekki komin fram af fullum þunga.

409 ma.kr.

Áætlaðar tekjur árið 2022
(voru 350 ma.kr. 2019)

2.180

Fjöldi fyrirtækja í greiningu KPMG á fjárhagsstöðu ferðapjónustunnar
(voru 2.120 árið 2019)

8,8 m

Gistinátta 2022
(voru 8,4 milljónir 2019)

1,7 m

Ferðamenn 2022
(voru 2 milljónir 2019)

02

Drifkraftar í rekstri og afkomu ferðapjónustu

Efnisyfirlit


- 01 Samantekt
- 02 Drifkraftar ferðapjónustu
- 03 Áhrif mótvægisaðgerða
- 04 Talnagrunnur og forsendur
- 05 Þróun rekstrar og afkomu
- 06 Þróun efnahags
- 07 Rekstrarhæfi fyrirtækja



Ferðamenn streymdu til landsins 2022



Fjöldi erlendra ferðamanna Í milljónum



Heimild: Ferðamálastofa og greining KPMG

Viðspyrna á árinu 2022 og seinni hluti ársins sambærilegur og fyrir faraldur


Þrátt fyrir að áhrifa faraldurs hafi enn gætt í upphafi árs 2022 nam fjöldi ferðamanna á árinu tæplega 1,7 milljón eða um 15% færri ferðamenn en árið 2019.

Hraða viðspyrnu má sjá frá öðrum ársfjórðungi en þar nam fjöldi ferðamanna um 88% af fjöldanum árið 2019. Á þriðja og fjórða ársfjórðungi ársins 2022 nam fjöldi ferðamanna um 98% af fjölda ársins 2019.

Mestu munar um fjölda Kínverskra ferðamanna, en um 80 þúsund færri kínverskir ferðamenn heimsóttu Ísland árið 2022 vegna strangra ferðatakmarkana í heimalandinu, næst mesta fækkun var á meðal Breta en þar munar um 32 þúsund ferðamönnum.

Um 14 þúsund fleiri Ítalir sóttu landið heim á árinu samanborið við 2019.

Fjöldi erlendra ferðamanna eftir ársfjórðungum Í þúsundum ferðamanna




Heimild: Ferðamálastofa og greining KPMG

Hlutdeild bandarískra ferðamanna eykst um 4 prósentustig

Bandaríkjamenn sem eru okkar tryggustu ferðamenn voru fjölmennastir líkt og fyrri ár eða tæplega 460 þúsund sem nemur um 27% þeirra ferðamanna sem komu til landsins í gegnum Keflavíkurlugvöll árið 2022.

Þeir voru 4 prósentustigum hærra hlutfall en árið 2019 og að sama skapi voru Kínverjar 4 prósentum færri.






Erlendir ferðamenn dvelja lengur en fyrir faraldur



Fjöldi erlendra gistinguátta

Í milljónum gistinguátta & gistinguætur á ferðamann



Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG

Fjöldi gistinguátta skiptir meira máli fyrir afkomu en fjöldi ferðamanna


Eftir tvö mögur ár í faraldri náðu gistinguaðir vopnum sínum á ný árið 2022 en gistinguætur erlendra ferðamanna námu tæplega 7 milljónum í öllum tegundum gistinguátta eða 4,5% færri gistinguætur en á árinu 2019. Gistinguóttum á hvern ferðamann hefur fjölgað frá því fyrir faraldur.

Grunnforsenda þessa skjóta bata er að framboðshliðin var komin á svipaðan kjöl og fyrir faraldur í lok fyrsta ársfjórðungs 2022 og gat tekið við ferðamönnum þegar þeir streymdu á ný til landsins. Því til stuðnings má líta til fjölda hótélherbergja en hann var um fjórum prósentum hærri í lok fyrsta ársfjórðungs 2022 en hann var á sama tíma árið 2019.

Sé lítið til fjölda gistinguátta erlendra ferðamanna á hótélum þá voru þær um 8% færri árið 2022 samanborið við 2019. Hlutfall hótélgistinguátta af heildarfjölda gistinguátta erlendra ferðamanna lækkar um rúm 2 prósentustig frá 2019 og var 54% árið 2022.

Gistinguætur erlendra ferðamanna á öllum tegundum gistinguátta

Í þúsundum gistinguátta



Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG

Fleiri sumargistinguætur en fyrir faraldur

Skráðar gistinguætur á öllum tegundum gistinguátta hafa aldrei verið fleiri á sumarmánuðunum júní til ágúst en á árinu 2022, en þær voru um 3,4 milljónir sem er um 14% aukning frá 2019.

Þrátt fyrir góða sumarmánuði voru gistinguætur færri það sem eftir lifði árs en á tímabilinu september – desember voru gistinguætur 6% færri en þær voru árið 2019. Í desember einum og sér 12% færri en 2019 en þar munar líklega um þá rúmlega 8.100 fleiri Kínverja sem voru á landinu í desember 2019.

Á árinu 2022 eru merki um ýktari árstíðarsveiflu en um 10 prósentustiga munur er á hlutfalli gistinguátta í desember og júlí milli ára. Þá voru 19% fleiri gistinguætur í júlí 2022 en í júlí 2019, stærsta breytan í farþegum þann mánuð var að um 13 þúsund fleiri Bandaríkjamenn komu til landsins í júlí 2022 en á sama tíma 2019.




Breyttar ferðavenjur Íslendinga innanlands skipta máli



Fjöldi gistinátta

Í þúsundum gistinátta



Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG

Gistinætur Íslendinga á gististöðum hérlendis jukust um 78% frá árinu 2019 til 2021

Gistinætur Íslendinga jukust verulega í kjölfar faraldursins eða um 35% frá árinu 2019 til 2020 og aftur um 32% árið 2021 enda umtalsverðar ferðatakmarkanir í gildi á þessum árum.

Stjórnvöld hvöttu til ferðalaga innanlands, meðal annars með því að veita Íslendingum ferðagjöf til þess að styðja við íslenska ferðaþjónustu. Ferðagjöfin nam í heildina 2,2 milljörðum króna. Það má því segja að aukin viðskipti Íslendinga hafi deytt Covid áhrifin og þar hjálpaði ferðagjöfin til.

Frá 25. febrúar 2022 var öllum takmörkunum vegna Covid-19 aflétt hérlendis, á svipuðum tíma og löndin í kringum okkur afléttu eða slökuðu verulega á sínum takmörkunum. Íslendingar flyktust erlendis um sumarið en meðal annars var met slegið í kortanotkun Íslendinga erlendis í júní 2022.

Gistinætur Íslendinga innanlands áfram mun fleiri en fyrir faraldur þrátt fyrir met í kortaveltu íslendinga erlendis árið 2022

Íslendingar voru áfram á faraldsfæti innanlands árið 2022 þrátt fyrir að takmörkunum hafi verið aflétt en gistinætur Íslendinga á árinu voru 71% fleiri en þær voru fyrir faraldur á öllum tegundum gististaða.

Í desember árið 2022 voru þær 123% fleiri en þær voru í sama mánuði árið 2019. Þá voru gistinætur Íslendinga af öllum gistinóttum árið 2022 21,0% samanborið við 13,0% árið 2019.

Að sama skapi hafa gistinætur Íslendinga á hótelum einum og sér aukist til muna en um 68% þeirra hækkunar er vegna fjölgunar gistinátta á landsbyggðinni.

Það virðist því ekki vera mikill samdráttur í ferðum Íslendinga innanlands og Covid mögulega kynnt Ísland sem nýjan áfangastað fyrir Íslendingum til frambúðar.




Íslendingar með aukið vægi í heildarfjölda gistinguátta



Gistinguætur alls á öllum tegundum gistinguátta

Í milljónum gistinguátta



Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG

Gistinguætur alls aldrei fleiri en 2022

Þegar litið er til heildarfjölda gistinguátta á öllum tegundum gistinguátta, bæði fyrir erlenda og innlenda ferðamenn má sjá að aldrei hafa fleiri gistinguætur verið skráðar en á árinu 2022 og skiptir þar sköpum þáttur Íslendinga.

Gistinguátatölur á öllum tegundum gistinguátta byggja á bráðabirgðatölum og skal taka með fyrirvara samkvæmt Hagstofunni. Hinsvegar er sá hluti sem nær til gistinguátta á hótélum áreiðanlegri þar sem gagnaskil eru tíðari og betri.

Allar tegundir gistingar - Gistinguætur - 2019 og 2022

	Q1	Q2	Q3	Q4	Samtals
Gistinguætur Íslendinga					
2019	142.834	275.483	506.592	164.731	1.089.640
2022	290.347	475.551	724.200	367.896	1.857.994
% breyting frá 2019	103,3%	72,6%	43,0%	123,3%	70,5%
Gistinguætur erlendra ferðamanna					
2019	1.341.777	1.676.415	2.884.844	1.413.615	7.316.651
2022	835.593	1.666.675	3.152.072	1.334.848	6.989.188
% breyting frá 2019	-37,7%	-0,6%	9,3%	-5,6%	-4,5%
Gistinguætur alls					
2019	1.484.611	1.951.898	3.391.436	1.578.346	8.406.291
2022	1.125.940	2.142.226	3.876.272	1.702.744	8.847.182
% breyting frá 2019	-24,2%	9,8%	14,3%	7,9%	5,2%

Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG

Gistinguætur Íslendinga kunna að vera ofmetnar

Tölur Hagstofunnar um fjölda gistinguátta í töflunni hér að ofan sýna mikla aukningu í gistinguóttum Íslendinga. Tölurnar eru sérstaklega háar á fyrsta og fjórða ársfjórðungi 2022. Líklegt er að sá hluti sé oftalinn, enda sýna tölur yfir kortaveltu um 68% aukningu á fjórða ársfjórðungi í samanburði við 2019, en tölur Hagstofunnar mæla 123%.


Engu að síður er ljóst að heildarfjöldi gistinguátta Íslendinga hefur aukist verulega frá því fyrir faraldur. Innlend kortavelta í gistiþjónustu var um 64% hærrí á árinu 2022 en hún var 2019, sem er nálægt þeirri 70% fjölgun gistinguátta Íslendinga fyrir árið 2022 í heild samkvæmt tölum Hagstofunnar í töflunni að ofan.



Fjöldi starfandi í ferðapjónustu orðinn sambærilegur því sem var fyrir faraldur



Fjöldi starfa í einkennandi greinum ferðapjónustu og hlutfall lausra starfa í þúsundum starfa



Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG

Fjöldi starfa í greininni aftur að nálgast fyrri hæðir eftir faraldur


Greiningar á starfabróun í ferðapjónustunni gefa til kynna mikinn sveigjanleika greinarinnar. Frá hæsta toppi á þriðja ársfjórðungi árið 2019 þegar störf voru 32 þús. og niður í lágsta punkt á fyrsta ársfjórðungi 2021 þegar störf voru 14 þús. drógu störf saman um ríflega helming. Hér er um að ræða fjölda starfa en ekki eru til upplýsingar um fjölda stöðugilda.

Við samanburð starfafjölda nú og fyrir faraldur verður að taka tillit til þess að áhrif faraldursins á greinina á fyrsta ársfjórðungi ársins 2022 voru enn töluverð. Gistinætur fyrsta ársfjórðungs voru 38% lægri en á sama tímabili árið 2019 og starfafjöldinn enn ekki náð sér á strik.

Séu hlutföll lausra starfa skoðuð má strax á öðrum ársfjórðungi 2022 greina bjartsýni stjórnenda fyrir ferðasumarið þar sem hlutfall lausra starfa var þá 9% sem samsvarar 2.720 lausum störfum.

Launagreiðendur

Fjöldi launagreiðenda sem hlutfall af árinu 2019



Skýring: Undir afþreyingu eru félög í ÍSAT flokkum ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókanarþjónusta.

Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG

Vinnuafli þarf að koma að utan

Hlutfall erlendra ríkisborgara af fjölda starfandi í einkennandi greinum ferðapjónustunnar var 41,7% á þriðja ársfjórðungi 2022, það hæsta sem það hefur verið á síðustu árum. Atvinnulausir í lok árs 2022 voru 7.200 einstaklingar sem eru aðeins 200 fleiri en voru í ársbyrjun 2019. Laus störf í lok árs í einkennandi greinum voru 1.240 og ef gera má ráð fyrir að 7 þúsund atvinnulausir endurspegli langtímaatvinnuleysi má draga þá ályktun að stór hluti viðbótarvinnuafls verði áfram að koma erlendis frá.


Meðalfjöldi starfa á síðustu þremur ársfjórðungum 2022 voru 30,5 þús. og þar með lægri en á sama tímabili árið 2019 þegar meðalfjöldinn var 31,0 þús. Til samanburðar voru gistinætur á sama tímabili árið 2022 7,7 m en 6,9 m árið 2019 og mætti því draga þá ályktun að einhver hagræðing hafi átt sér stað þó hún sé mismikil milli greina.



Vísbending um að hlutfall launakostnaðar hafi hækkað í veitingarekstri en lækkað í öðrum einkennandi greinum

Launagreiðslur á verðlagi 2022

Í milljörðum króna




Launagreiðslur á verðlagi 2022 á gistingu

Í þúsundum króna



Ferðamálastofa



Skýring: Undir afþreyingu eru félög í ÍSAT flokkum ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta.
Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG

Launagreiðslur á verðlagi ársins 2022 lækkuðu um 2,7% frá árinu 2019

Í kjölfar faraldursins tókst ferðaþjónustunni í heild að draga verulega úr kostnaði og sýndi þar með fram á aðlögunarhæfni greinarinnar. Eftir stendur sú spurning hvort fyrirtækin hafi nýtt tækifærið sem gafst meðan á faraldrinum stóð til að hagræða varanlega í rekstri til að mynda með því að nýta tækni þar sem hún sparar fjármuni til lengri tíma lítið meðal annars með því að fækka störfum.

Til þess að meta hvort hagræðing hafi orðið voru staðgreiðsluskyldar launagreiðslur eftir atvinnugreinum frá Hagstofunni skoðaðar. Launagreiðslur 1.930 fyrirtækja árið 2022 voru samtals 100,9 ma.kr. samanborið við 103,7 ma.kr. árið 2019 sem samsvarar lækkun um 2,7% á milli tímabila miðað við verðlagsleiðréttingu.

Hagræðing í launakostnaði á gistingu hjá gistingu og afþreyingu

Launagreiðslur á gistingu lækka úr 12,3 þús árið 2019 í 11,4 þús. árið 2022. Þar má þó sjá að hagræðing virðist hafa átt sér stað hjá gistingu (20,7%) og afþreyingu (11,2%) en ekki hjá veitingastöðum þar sem launakostnaður á gistingu hækkaði um 1,9% á tímabilinu.

Afþreying, fyrir utan það sem framkvæmt er af ferðaskipuleggjendunum sjálfum, er ekki inni í þessu gagnasafni. KPMG hefur þó öruggar heimildir fyrir því að nokkur af stærstu afþreyingarfyrirtækjum landsins hafi aukið framleiðni töluvert á milli árunna 2019 og 2022 þannig að sambærilegum eða hærri tekjum hafi verið náð með færri starfsmönnum.

03

Áhrif mótvægis- aðgerða

Efnisyfirlit


- 01 Samantekt
- 02 Drifkraftar ferðapjónustu
- 03 **Áhrif mótvægisáðgerða**
- 04 Talnagrunnur og forsendur
- 05 Þróun rekstrar og afkomu
- 06 Þróun efnahags
- 07 Rekstrarhæfi fyrirtækja



Mótvægisáðgerðir sem höfðu bein áhrif á rekstrarreikning voru alls 24,7 ma.kr.



Mótvægisáðgerðir í milljörðum króna



■ Ráðningastyrkir ■ Niðurfelling gistináttaskatts ■ Hlutabætur 2021 ■ Hlutabætur 2020 ■ Veitingastyrkur ■ Viðspyrnustyrkur ■ Tekjufallsstyrkur ■ Lokunarstyrkir ■ Laun í uppsagnarfresti

Heimild: Fjármálaráðuneytið og KPMG greining.

Samtals nam heildarstuðningur stjórnvalda við greinina 50,0 ma.kr.

Þar af fóru 24,7 ma.kr. í gegnum rekstur fyrirtækjanna þar sem hlutabótaleiðin (13,9 ma.kr.) og ráðningastyrkur (9,3 ma.kr.) voru greidd beint frá vinnumálastofnun til launþega og niðurfelling gistináttaskatts sem nam 2,1 ma.kr. hefur engin rekstraráhrif.

Athygli er vakin á því að styrkir tengdir flugi og flugtengdri starfsemi eru ekki í þessari samantekt enda eru þau félög einnig undanskilin í greiningunni.

Hluti þess sem ekki fór í gegnum rekstur, (24,9 ma.kr.) var til að verja störf og viðhalda ráðningasambandi þó það óbeint verji greinina.

Tæplega helmingur mótvægisáðgerða höfðu bein áhrif á rekstrarreikning

Mótvægisáðgerðir stjórnvalda vegna Covid-19 sem höfðu bein áhrif á rekstrarreikninga fyrirtækja í greininni voru 6,8 ma.kr. árið 2020 og 15,7 ma.kr. árið 2021 og 2,2 ma.kr. árið 2022


Viðbótartekjur í formi tekjufalls-, viðspyrnu-, lokunar- og veitingastyrkja voru 18,0 ma.kr. Sá hluti áðgerða sem leiddi til lækkunar kostnaðar var hlutabótaleið, ráðningastyrkir, laun á uppsagnarfresti og niðurfelling gistináttaskatts, 31,9 ma.kr.



Mótvægisaðgerðir drógu úr lausafjárvanda



Þróun eigin fjár án aðgerða stjórnvalda í milljörðum króna




Heimild: Fjármálaráðuneytið og greining KPMG.

Aðgerðirnar styrktu eiginfjárstöðu um 22,5 ma.kr. árið 2020 og 2021

Mótvægisaðgerðir stjórnvalda miðuðu að stærstum hluta að því að styðja við rekstur félaga. Má líkja aðgerðunum við eiginfjár innspýtingu til þessara fyrirtækja.

Að auki voru áhrif mótvægisaðgerða árið 2022 2,2 ma.kr. og heildar stuðningurinn sem styrkir efnahag því 24,7 ma.kr.

Aðgerðir stjórnvalda til að draga úr lausafjárvanda í milljörðum króna



Heimild: Fjármálaráðuneytið og greining KPMG.

Stuðningur til að léttja á lausafjárvanda samtals 26 ma.kr. 2020 og 2021

Ferðapjónustufyrirtæki áttu þess einnig kost að taka lán með ríkisábyrgð. Megnið af lánunum sem félögin nýttu sér voru tekin á árinu 2020 eða stuðningslán upp á 5,9 ma.kr., viðbótarlán að fjárhæð 2,8 ma.kr. og lán Ferðaábyrgðarsjóðs til ferðaskrifstofa að fjárhæð 2,9 ma.kr. Þá gátu félög einnig sótt um frestun skattgreiðslna eins og staðgreiðslu launa. Ekki liggur fyrir greining á hvernig þessi úrræði voru nýtt af ferðapjónustufyrirtækjum en miðað við nýtingu þeirra á öðrum úrræðum má leiða að því líkur að um helmingur af frestun staðgreiðslu launa hafi verið nýtt af þeim eða um 6,9 ma.kr. árið 2020.


Á árinu 2021 voru til viðbótar veitt stuðningslán að fjárhæð 0,7 ma.kr. og áætluð frestun skattgreiðslna nam 6,9 ma.kr. það ár sömuleiðis.



Fyrirtækjum fækkaði ekki, vegna seiglu, sveigjanleika og mótvægisaðgerða



Fjöldi fyrirtækja og breyting milli ára



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG. *n/a: gögn ekki til.

Fjöldi fyrirtækja helst svipaður milli ára


Greiningar á fjárhagstölum í þessari skýrslu byggja á niðurstöðum ársreikninga félaga í ferðaþjónustu fyrir árið 2021, en gagnagrunnurinn nær til ársreikninga félaga í ferðaþjónustu frá árinu 2017.

Fjöldi fyrirtækja í greiningunni fyrir árið 2021 var 2.180. Greiningarnar ná bæði til greinarinnar í heild og einnig skipt á einkennandi greinar ferðaþjónustunnar: afþreyingu, bílaleigur, ferðaskrifstofur, gististaði, hópferðaþyrntæki og veitingastaði.

Lítill fækkun fyrirtækja í faraldrinum

Þegar fjöldatölur fyrirtækja í ferðaþjónustu eru skoðaðar fækkaði fyrirtækjum ekki meira á COVID árunum 2020 og 2021 heldur en á árinu 2019. Jafnframt er athyglisvert að sjá að á árinu 2020 voru fleiri ný fyrirtæki sem bættust við í greininni heldur en fjöldi þeirra sem hætti.

Breyting á tekjum frá fyrra ári niður á eldri og ný fyrirtæki í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG. *n/a: gögn ekki til.

Fyrirtækjum getur fækkað af fleiri ástæðum en bara gjaldþroti, s.s vegna samruna við önnur félög. Gjaldþrot af félögunum í gagnasafninu voru 20 á árunum 2020 og 2021. Í framhaldinu voru 15 fyrirtæki sem lýst voru gjaldþrota árið 2022.

Það mætti því leiða líkur að því að seigla og sveigjanleiki greinarinnar sé töluverður og að aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi skilað því að all flest félögin höfðu faraldurinn af og að markmið stjórnvalda að verja atvinnugreinina hafi náðst.

Sömu fyrirtæki sem og urðu fyrir tekjutapi eru grunnurinn að viðspyrnunni

Þegar þróun tekna eftir árum er skoðuð með tilliti til þróunar fjölda fyrirtækja í greininni kemur í ljós að þróun tekna milli ára skýrist nánast eingöngu af breytingum tekna þeirra félaga sem fyrir eru ár hvert. Sú niðurstaða ætti ekki að koma á óvart þar sem ný fyrirtæki á hverju ári eru fá í samanburði við þau félög sem fyrir eru og eðli málsins samkvæmt eru ný félög oft með lægri tekjur en þau sem eldri eru.

04

Talna- grunnur og forsendur áætlunar 2022

Efnisyfirlit

- 01 Samantekt
- 02 Drifkraftar ferðaþjónustu
- 03 Áhrif mótvægisaðgerða
- 04 Talnagrunnur og forsendur
- 05 Þróun rekstrar og afkomu
- 06 Þróun efnahags
- 07 Rekstrarhæfi fyrirtækja



Fyrirtækin voru til staðar og gátu tekið á móti mikilli aukningu eftirspurnar í hraðri viðspyrnu 2022



Rekstur árið 2022 áætlaður út frá fjölda ferðamanna, gistinátta og VSK veltu

Þegar þessi greining var unnin í janúar og febrúar 2023 lágu ársreikningar fyrirtækja fyrir árið 2022 ekki fyrir. Því hefur verið gerð áætlun um rekstur fyrirtækjanna árið 2022 og eru þær niðurstöður birtar með rauntölum árána fram til 2021 í skýrslunni.

Áætlunin fyrir 2022 er unnin fyrir hverja af einkennandi greinum ferðaþjónustunnar og eru síðan heimfærðar á allan gagnagrunninn, þ.e. ríflega 2.000 fyrirtæki.

Drifkraftar, sem áhrif hafa á tekjur og afkomu

Veigamestu drifkraftar tekna og afkomu eru fjöldi ferðamanna og fjöldi gistinátta, en rauntölur liggja fyrir um það fyrir árið 2022.

Fjöldi ferðamanna árið 2022 var 1,7 milljón, sem er um 85% af fjöldanum árið 2019. Hins vegar var fjöldi gistinátta á hvern ferðamann hærri árið 2022 og heildarfjöldi erlendra gistinátta um 7 milljónir, sem er 5% lægri tala en árið 2019. Þetta þýðir að dvöl ferðamanna var að jafnaði lengri og munurinn á heildarfjölda ferðamanna á landinu hverju sinni minni heldur en munur á heildarfjölda gefur í skyn.

Jafnframt er notast við rauntölur úr VSK veltu í greininni til þess að renna frekari stöðum undir tekjuáætlunina fyrir ferðaþjónustu í heild og einkennandi greinar.


KPMG hefur líka áætlað kostnaðarhlutföll í einkennandi greinum ferðaþjónustunnar. Þar hefur verið tekið tillit til mismunandi aðstæðna í einkennandi greinum og horft til þess að víðast hafa hækkar á tekjum á hvern ferðamann verið meiri en kostnaðarhækkar í launum og aðföngum.

Þegar búið er að áætla kostnaðarhlutföll nær áætlunin einnig til afkomu fyrirtækjanna. Þá hefur jafnframt verið gerð áætlun um breytingar á eignum og skuldum.

Nánar er fjallað um helstu forsendur áætlana fyrir árið 2022 á næstu tveimur síðum.

1,7 milljón

Ferðamenn á árinu 2022.



Fjöldi erlendra ferðamanna ársins 2022 nam um 85% af fjölda ferðamanna árið 2019

+5,2%

Fleiri gistinætur samanborið við 2019

8.847.182

Gistinætur á öllum tegundum gististaða.



409 ma.

Áætlaðar tekjur ferðaþjónustunnar árið 2022



451 ma.

VSK velta í einkennandi greinum ferðaþjónustunnar árið 2022

Fjöldi erlendra gistinátta á hvern erlendan ferðamann



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.



Forsendur tekjuáætlunar



Áætlanir um tekjur eru unnar með mismunandi forsendum eftir einkennandi greinum ferðapjónustunnar:

Flokkur		Tekjur (ma.kr.)					Áætluð breyting 2021 - 2022	Áætluð breyting 2019 - 2022
Afþreying		62	66	22	42	87	110%	33%
		2018	2019	2020	2021	2022		
Bílaleigur		34	33	15	30	51	70%	55%
		2018	2019	2020	2021	2022		
Ferðaskrifstofur		50	52	10	22	47	116%	(8%)
		2018	2019	2020	2021	2022		
Gististaðir		87	84	30	49	97	100%	16%
		2018	2019	2020	2021	2022		
Hópfarðir		31	31	15	19	24	27%	(23%)
		2018	2019	2020	2021	2022		
Veitingarekstur		86	85	60	76	102	34%	20%
		2018	2019	2020	2021	2022		


Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.



Forsendur rekstrarkostnaðar



Allur rekstrarkostnaður fyrir fjármagnsliði í greiningum KPMG skiptist í þrjá hluta; kostnaðarverð seldra vara (KSV); launakostnað; og annan rekstrarkostnað. Áætlanir um kostnaðarhlutföll eru unnar með mismunandi forsendum eftir einkennandi greinum ferðaþjónustunnar



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.

05

Þróun rekstrar og afkomu

Efnisyfirlit


- 01 Samantekt
- 02 Drifkraftar ferðaþjónustu
- 03 Áhrif mótvægisaðgerða
- 04 Talnagrunnur og forsendur
- 05 Þróun rekstrar og afkomu
- 06 Þróun efnahags
- 07 Rekstrarhæfi fyrirtækja



Tekjur 2022 hærri en fyrir faraldur



Rekstrartekjur ferðaþjónustu án flugs Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa, Fjármálaráðuneytið og greining KPMG.


Viðsýrni árið 2022 og hærri tekjur en fyrir faraldur

Sú staðreynd að bróðurpartur fyrirtækja í ferðaþjónustu komst í gegnum COVID árin 2020 og 2022 þýðir að þau voru til staðar þegar ferðamenn fóru að streyma aftur til landsins frá þriðja ársfjórðungi 2022. Mótvægisáðgerðir stjórnvalda auk sveigjanleika og seiglu fyrirtækjanna í gegnum erfið COVID ár tryggði að fyrirtækin gátu aukið afkastagetu sína hratt til að taka á móti sambærilegum fjölda ferðamanna (m.v. gistinætur) og fyrir faraldur. Þannig jukust tekjur greinarinnar hratt árið 2022 og urðu þær hærri en nokkurt áranna fyrir faraldur.

Hlutfall ferðaþjónustu af landsframleiðslu á hraðri uppleið

Á árunum fyrir faraldur hafði ferðaþjónustan sem hlutfall af landsframleiðslu verið nokkuð stöðug í kringum 8%. Samkvæmt Hagstofunni nam hlutur ferðaþjónustunnar í landsframleiðslu 6,1% árið 2022 til samanburðar við 3,9% árið 2021.

Tekjur & VSK velta Hlutfall tekna af VSK veltu



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa, Hagstofa Íslands og greining KPMG

VSK velta í einkennandi greinum ferðaþjónustu styður tekjuspá 2022

Velta fyrirtækja í einkennandi greinum ferðaþjónustunnar jókst hratt 2022 og náði nýjum hæðum frá tímabilinu mars-apríl 2022 samkvæmt virðisaukaskattskýrslum þeirra.

Frá maí hefur veltan verið um 30-40% hærri að nafnvirði en hún var árið 2019.

VSK velta gefur góða vísbendingu um tekjumyndun greinarinnar en hér hefur verið dregin frá velta við flug- og flugtengda starfsemi.

VSK velta hefur að jafnaði verið um 93% af tekjumyndun greinarinnar samkvæmt ársreikningum síðastliðinna ára. Fyrir árið 2022 er miðað við að tekjur greinarinnar verði um 409 ma. króna sem nemur um 91% af VSK veltu ársins 2022. Tekjuspáin er því varfærin miðað við sögulegt hlutfall af VSK veltu.




Krónan veikari en fyrir faraldur, sem vegur á móti hækkun verðlags



Tekjur ferðapjónustunnar og próun gengis og verðlags

Í milljörðum króna & ársbreyting í prósentum (vinstri ás)



Vísitölur neysluverðs, launa og gengis

Heildartekjur greinarinnar eru áætlaðar 409 ma.kr. árið 2022 sem er um 17% hækkun frá árinu 2019, en verðlag hefur hækkað um 19% á sama tíma.


Ef tekið er tillit til þess að fjöldi gistinguáttá var 5% minni á árinu 2022 og ef það er góður mælikvarði á magn má segja að hækkun tekna og verðlags hafi nokkurn veginn haldist í hendur á milli árunna 2019 og 2022.

Frá sjónarhóli ferðamanna hefur hækkun ekki verið eins mikil vegna veikingar krónunnar. Þannig er hækkun tekna á gistingu milli 2019 og 2022 11% í ISK, en 7% í EUR og aðeins 0,5% í USD.

Veiking krónunnar gerði það að verkum að í flestum greinum var hægt að hækka verð í samræmi við eða umfram innlendar kostnaðarhækkunarir þegar viðspyrna greinarinnar varð árið 2022.

Tekjur á gistingu

Heildartekjur / gistingu Erlendra og innlendra ferðamanna



	2018	2019	2020	2021	2022	vs. 2019
ISK	41.105	41.652	46.085	47.290	46.188	10,9%
EUR	322	303	298	315	325	7,0%
USD	380	340	340	372	341	0,5%

Heildartekjur ferðapjónustunnar

í milljörðum	2018	2019	2020	2021	2022	vs. 2019
ISK	351	350	152	237	409	16,7%
EUR	2,75	2,55	0,98	1,58	2,87	12,6%
USD	3,24	2,86	1,12	1,87	3,02	5,8%
Meðalgengi EUR	128	137	155	150	142	
Meðalgengi USD	108	123	135	127	135	
VNV árslok	464	473	490	515	565	19,3%
Gengisvísitala árslok	181	180	199	195	200	11,2%


Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og greining KPMG.



Kostnaðarhlutföll að lækka í sambærilega stöðu og fyrir faraldur



Rekstrarkostnaður Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa, Fjármálaráðuneytið og greining KPMG.


Hlutfall rekstrarkostnaðar að ná fyrri stöðu

Rekstrarkostnaður samanstendur af kostnaðarverði seldra vara, launum og launatengdum gjöldum og öðrum rekstrarkostnaði og vega þar launin þyngst. Heildar rekstrarkostnaður greinarinnar er kominn í svipað horf og fyrir faraldur.

Áhrif stuðningsáðgerða á rekstrarkostnað

Mótvægisáðgerðir ríkisins sem koma til lækkunar á rekstrarkostnaði eru laun í uppsagnarfresti sem nema samtals 6,8 ma.kr. á árunum 2020 og 2021.

Launagreiðslur á verðlagi 2022 á gistingu Í þúsundum króna



Skýring: Undir afbreytingu eru félög í ÍSAT flokkum ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta.

Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG

Hefur framlegð aukist?

Ein áleitnasta spurningin varðandi rekstrarkostnað er hvort ferðapjónustunni hafi tekist að auka framlegð þegar greinin reis aftur eftir faraldur, þ.e. hvort greininni hafi tekist að auka aftur tekjur með minni tilkostnaði.

Svo virðist sem laun í veitingarekstri séu hærra á gistingu, en í öðrum greinum hafi hlutfallslegur launakostnaður lækkað.


Hlutfall rekstrarkostnaðar í heild var 88% árið 2019 en 84% árið 2021 sem þó er markað af áhrifum faraldursins. Áætlað er að kostnaðarhlutfallið árið 2022 sé 85% sem er þremur prósentustigum lægra en það var árið 2019.



Samanlagt tap ferðaþjónustunnar í faraldrinum var 27 ma.kr. þrátt fyrir mótvægisaðgerðir



Hagnaður/tap Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa, Fjármálaráðuneytið og greining KPMG.

Lítum á afkomu í faraldrinum 2020 og 2021 til samans

Verulegt tap varð í greininni árið 2020. Þrátt fyrir að hagnaður hafi myndast af greininni í heild árið 2021 var það líka mjög þungt ár í rekstri margra fyrirtækja og líklega mikill kostnaður sem einfaldlega kemur ekki fram í reikningum félaganna, t.d. launakostnaður eigenda, frestuð húsaleiga og jafnvel fjármagnskostnaður.

Að mörgu leyti er eðlilegt að líta á COVID árin tvö, 2020 og 2021 saman og var samanlagt tap ferðaþjónustunnar þau ár 26,6 ma.kr. Þetta tap er þrátt fyrir að mótvægisaðgerðir, sem höfðu bein áhrif á rekstur félaganna, hafi verið 22,5 ma.kr. á þessum tveimur árum.

Verulegri afkomuaukningu spáð 2022

Áætlanir fyrir árið 2022 gera ráð fyrir að hagnaður hafi verið 18,8 ma.kr. Ef rétt reynist hefur það verið besta afkoma ferðaþjónustunnar til þessa.

06

Þróun efnahags

Efnisyfirlit


- 01 Samantekt
- 02 Drifkraftar ferðaþjónustu
- 03 Áhrif mótvægisaðgerða
- 04 Talnagrunnur og forsendur
- 05 Þróun rekstrar og afkomu
- 06 Þróun efnahags**
- 07 Rekstrarhæfi fyrirtækja



Fjárfesting þrátt fyrir mótlæti



Fastafjármunir Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Fastafjármunir jukust um 38 ma.kr. árið 2021


Fastafjármunir hækkuðu talsvert á árinu 2021 eða um 38 ma.kr. milli 2020 og 2021 og voru 249 ma.kr. í árslok, hærri en þeir hafa áður verið.

Gert er ráð fyrir að fastafjármunir hafi hækkað upp í 252 ma.kr. í árslok 2022.

Fjárfestingar bílaleiga eru áætlaðar í samræmi við þekkta stækkun bílaleigubílaflotans árið 2022. Fjárfesting í öðrum undirgreinum er áætluð sem helmingur afskrifta.

Það skal tekið fram að þessi greining inniheldur aðeins upplýsingar um fastafjármuni félaga í ferðaþjónustu. Þar af leiðandi eru fjárfestingar fasteignafélaga í eignum sem eru leigðar áfram til ferðaþjónustufélaga ekki meðtaldar, nema félagið færi leigugeign til eignar í efnahagsreikningi í samræmi við reikningsskilastaðalinn IFRS 16.

Breyting fastafjármuna milli ára í einkennandi greinum 2021 Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Gististaðir og bílaleigur umsvifamestar í fjárfestingum árið 2021

Nettó fjárfesting ferðaþjónustunnar nam 16,1% af tekjum. Það er herra hlutfall en fyrir faraldur en árið 2019 var sama hlutfall 11,9% og 3,3% árið 2018.

Bróðurpartur af fjárfestingu ársins 2021 var vegna fjárfestinga gististaða, nettó fjárfestingin var 26,7 ma.kr. á árinu. Reykjavík Edition opnaði á árinu 2021 en í lok þess árs numu fastafjármunir félagsins um það bil 28 ma.kr. í árslok 2021.

Næst umsvifamesta undirgreinin voru bílaleigurnar en nettó fjárfestingin þeirra nam 11,8 ma.kr. Þar af nam fjárfesting þriggja stærstu félaganna um 10 ma.kr.

Þar á eftir koma fjárfestingar afþreyingarfyrirtækja sem voru 2,0 ma.kr. á árinu 2021. Þar voru umsvifamestar fjárfestingar hjá Nature Resort (Sky Lagoon), Amazingtours og Embla ferðaþjónusta (m.a. Hótel Leirubakki).




Skuldahlutfall lækkar með bættri afkomu



Vaxtaberandi skuldir og EBIT margfeldi skulda

Í milljörðum króna



■ Vaxtaberandi skuldir — Skuldamargfeldi

- Vaxtaberandi skuldir eru langtímalán, næsta árs afborganir, yfirdráttur og leiguskuldbindingar
- Skuldamargfeldið er aðlagð þannig að skuldum er einungis deilt með jákvæðri EBIT. Til skulda teljast vaxtaberandi skuldir og skuldir tengdra félaga 2) Skuldir 2020 á móti EBIT 2019

Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.


Skuldir hækka, en skuldamargfaldarar lækka vegna betri afkomu

Vaxtaberandi skuldir í árslok 2021 voru 197 ma.kr. og höfðu hækkað um 18 ma.kr. frá fyrra ári. EBIT margfaldari skulda var 8,4 í árslok 2021, sem er hærri en hann var árið 2019. Áætlað er að vaxtaberandi skuldir hafi hækkað á árinu 2022 og verið 213 ma.kr. í árslok, en EBIT margfaldari hafi lækkað í 5,5 vegna bættrar afkomu.

Áætluð þróun skulda árið 2022 er þannig reiknuð að staða í upphafi árs er hækkuð sem nemur 12% vöxtum og verðbótum, en lækkuð sem nemur áætlaðri EBITDA framlegð rekstrarins árið 2022 að frádregnum fjárfestingum ársins.

Þróun fjármagnskostnaðar

Í milljörðum króna



■ Vaxtagjöld — Reiknuð vaxtaþróun

Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Veruleg aukning vaxtagjalda

Virkir vextir voru 4,7% árið 2021 og er áætlað að þeir hafi hækkað í 7,8% árið 2022. Á sama tíma hækkuðu stýrivextir um 4 prósentustig og kjörvextir viðskiptabankanna að jafnaði um 3,4 prósentustig. Því er gert ráð fyrir að öll kjörvaxtahækkunin hafi komið að fullu inn á árinu 2022 sem er varfærin forsenda. Tekið skal fram að verðbætur eru ekki hér inni en hluti skulda er verðtryggður og sá hluti hækkaði um 10% á árinu 2022 vegna verðbóta.

Vaxtagjöld hækka um 80% á milli 2021 og 2022 vega þau þungt með tilliti til afkomu greinarinnar. Í ljósi hækkanndi vaxtakostnaðar þarf að meta hvort skuldapól greinarinnar hafi minnkað þrátt fyrir bætta afkomu.



Snjóhengja eða asahláka?



Vaxtaberandi skuldir komnar undir viðmiði í áætlun 2022

Ef miðað er við að eðlileg skuldsetning greinarinnar sé sex sinnum EBIT eins og í fyrri greiningum KPMG ætti ferðaþjónustan að þola skuldsetningu sem nemur 257 ma.kr. í lok árs 2022 miðað við áætlaða afkomu ársins. Vaxtaberandi skuldir í árslok 2022 eru áætlaðar 213 ma.kr. en að frádrögnum leiguskuldbindingum um 27 ma.kr. nema þær 185 ma.kr. og eru því undir viðmiði sem nemur 72 ma.kr.

Skammtímaskuldir líklega að ná jafnvægi

Söguleg greining á skammtímaskuldum sýnir að skammtímaskuldir nema að jafnaði um 17% af árstekjum í árslok. Miðað við tekjur ársins 2021 upp á 237 ma.kr. höfðu skammtímaskuldir í árslok 2021 átt að nema 40 ma.kr. en voru 61 ma.kr. sem bendir til þess að mögulega þurfi að endurfjármagna allt að 21 ma.kr. hafi skammtímaskuldir ekki lækkað sem hlutfall af tekjum á árinu 2022. Skammtímaskuldir lækkuðu sem hlutfall af tekjum á milli 2020 og 2021 og því talið líklegt að hlutfallið hafi lækkað frekar en að standa í stað á milli ára.


Fjárfestingar héldu áfram í faraldrinum

Þrátt fyrir faraldrinn héldu félögin áfram að fjárfesta til að byggja undir fjölgun ferðamanna í framtíðinni. Fjárfestingaþörf 2021 var áætluð 25 ma.kr. og ef horft er fram hjá einstaka stórum uppbyggingarverkefnum eins og Reykjavík Edition og Sky lagoon nam fjárfesting þess árs 25 ma.kr. Það lítur því út fyrir að fjárfest hafi verið sem nemur uppsafnaðri fjárfestingaþörf á árinu 2021. Áætluð fjárfesting á árinu 2022 eru 22 ma.kr. í samræmi við umfjöllun á bls. 26.


Skuldsetning komin í viðunandi horf í árslok 2022

Umframskuldir og fjárfestingaþörf nam 100 ma.kr. í árslok 2021 en miðað við þessar forsendur og áætlun ársins 2022 er ekki lengur um að ræða umfram skuldsetningu, enda er áætlað skuldamargfeldi greinarinnar í heild 5,5 sinnum EBIT í árslok 2022. Svo virðist sem snjóhengja skuldsetningar vegna Covid hafa horfið í hlákunni sem afkoma ársins 2022 reyndist vera. Þessi niðurstaða endurspeglar auknum tekjum ársins, aukinni hagkvæmni í ákveðnum undirgreinum og stöðugleika í fjölda félaga í greininni í gegnum faraldrinn.

Vaxtaberandi skuldir og EBIT margfeldi skulda við árslok 2021 Í milljörðum króna



Vaxtaberandi skuldir og EBIT margfeldi skulda við árslok 2022 Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.



Skuldsetning í hávaxtaumhverfi



Skuldapól greinarinnar óbreytt

Taka þarf tillit til þess að hækkun á vaxtakostnaði gæti leitt til þess að skuldapól greinarinnar minnki. Hærrí vaxtakostnaður gerir það að verkum að stærri hluti rekstrarafkomu fer í að greiða vexti og minna eftir til að standa undir afborgunum sjálfum.

Vaxtakostnaður greinarinnar er áætlaður 16,8 ma.kr. árið 2022 eða sem samsvarar 39,2% af EBIT. Til samanburðar var vaxtakostnaður sem hlutfall af EBIT 37,5% að meðaltali á árunum 2017-2019 og vaxtakostnaðurinn því sambærilegt hlutfall af afkomu og skuldir greinarinnar í heild komnar í sama horf og fyrir faraldur.


Skuldastaða einkennandi greina mismunandi

Sú grein sem virðist standa sig best í sögulegu samhengi eru bílaleigur en það er eina greinin þar sem skuldarmargfaldarinn er mun lægri en hann var á árunum fyrir faraldur. Það skýrist einna helst af því að bílafлотinn hafði dregist verulega saman árið 2020 og mikil umfram eftirspurn var eftir bílaleigubílum á árunum 2021 og 2022. Félögunum tókst að bregðast við þeirri eftirspurn með kaupum á bílum sem leigðir voru á hærri verðum en áður tíðkuðust.

Skuldarmargfeldið batnar einnig milli ára hjá gististöðum, afþreyingu og ferðaskrifstofum en greiningar á staðgreiðsluskyldum launum í þessum greinum auk annarra vísbendinga um framlegðarbata í greinunum styðja það.

Taka verður fram að ekki blasir sama niðurstaða við í öllum greinum. Þá virðist veitingageirinn verða verst úti enda mannaflafrek grein sem þolir illa þær launahækkanir sem orðið hafa. Áætlað er að afkoman hafi versnað sem þýðir að skuldarmargfeldi hefur hækkað.

EBIT margfeldi skulda árin 2021 og 2022 og meðaltal 2017-2019




Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.



Ferðapjónustan hefur endurheimt eigið fé sem tapaðist í faraldrinum



Eigið fé Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.


Eiginfjárstaða fyrirtækja 2021 nálgast fyrra horf

Nettó eigið fé greinarinnar í árslok 2021 nam 92 ma.kr. sem er hækkun um 31 ma.kr. frá fyrra ári. Fyrirtækin hafa því nánast náð að vinna upp það eigið fé sem þurrkaðist út árið 2020.

59% fyrirtækja voru með jákvætt eigið fé í árslok 2021, samanborði við 53% árið áður. Áætlun gerir síðan ráð fyrir að hlutfall félaga með jákvætt eigið fé muni vera 71% við árslok 2022.

Ríflega helmingur eigin fjár greinarinnar tilheyrir þeim tíu félögum sem hafa sem mest eigið fé í lok árs 2021.

Breyting á eigin fé frá fyrra ári niður á eldri og ný fyrirtæki Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Tæpur helmingurinn af hækkuninni á eigið fé milli 2020 og 2021 kemur frá nýjum fyrirtækum

Meirihlutinn af hækkuninni á eigið fé kemur frá gististöðum. Gististaðir hækkuðu eigið fé samtals um 20 ma.kr. en þar af eru 11 ma.kr. vegna Reykjavík Edition sem opnaði árið 2021.

Bílaleigur hækkuðu eigið fé samtals um 6 ma.kr. en þrjú bílaleigufyrirtæki hækkuðu eigið fé sitt samtals um 3,4 ma. kr.



Ekki enn kominn tími til að halla sér aftur



Er hægt að viðhalda góðri afkomu 2022 til framtíðar?

Í árslok 2022 virðist sem bjartara sé yfir greininni í heild en talið var þegar greining ársins 2021 var gerð. Hinsvegar er ljóst að erfitt gæti orðið fyrir félögin að viðhalda afkomu ársins 2022 þar sem auk umtalsverðra vaxtahækkana, eru miklar verðlags- og launahækkningar að hafa áhrif. Að auki eru dæmi um að félög hafi greitt lága húsaleigu á meðan faraldurinn stóð yfir og þeim afslætti nú dreift á leigugreiðslur á árinu 2023.


Þá verður líka að taka tillit til þess að veiking krónunnar gerði það að verkum að í flestum greinum var hægt að hækka verð í samræmi við eða umfram innlendar kostnaðarhækkningar. Ef ferðaþjónustunni vex ásmegin á næstu árum eins og útlit er fyrir, gæti það haft þær afleiðingar að gengi krónunnar styrkist á ný eins og reyndin var á uppgangstímum ferðaþjónustunnar. Styrking krónunnar getur gert ferðaþjónustuaðilum erfitt fyrir að hækka verð samhliða áframhaldandi kostnaðarhækkunum sem myndi hafa neikvæð áhrif á afkomuna.

Að mörgu leyti var árið 2022 óvenju gott og ekki víst að greinin geti viðhaldið slíkri afkomu. Krónan var veik og verð á gistingu og bílaleigum voru hlutfallslega há. Þá voru áhrif vaxtahækkana, launahækkana og aukinnar verðbólgu ekki komin fram að fullum þunga.

Aðrar áskoranir

Ýmsir aðilar spá því að veruleg aukning verði í fjölda ferðamanna á næstu árum. Þá fer að reyna verulega á innviði landsins og getuna til þess að taka á móti þeim. Eins og fjölmiðlum var tíðrætt um var Ísland nánast uppselt sumarið 2022 og nýting hótela á höfuðborgarsvæðinu 91% í júlí það ár. Áfram þarf að fjölga ferðamönnum utan háannatíma en ráðast þarf í talsverðar fjárfestingar í innviðum og gístiaðstöðu ef auka á afkastagetu á háannatíma.

Einnig hefur nokkuð borið á umræðu um átroðning ferðamanna á ákveðnum svæðum sem gæti haft neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna. Dæmi um það er fjölgun á komum skemmtiferðaskipa til landsins en þegar er farið að bera á áhyggjum vegna álags þeirra á innviði og heilbrigðiskerfi landsbyggðarinnar.



07

Rekstrar- hæfi fyrirtækja

Efnisyfirlit

- 01 Samantekt
- 02 Drifkraftar ferðaþjónustu
- 03 Áhrif mótvægisaðgerða
- 04 Talnagrunnur og forsendur
- 05 Þróun rekstrar og afkomu
- 06 Þróun efnahags
- 07 Rekstrarhæfi fyrirtækja**



Á meðan á faraldrinum stóð var reynt að meta rekstrarhæfi ferðapjónustufyrirtækja vegna skuldsetningar



Greining á rekstrarhæfi fyrirtækja vegna skuldsetningar

Í fyrri greiningum KPMG á fjárhagsstöðu ferðapjónustu á meðan á faraldrinum stóð var notuð ákveðin aðferðafræði til þess að leggja mat á rekstrarhæfi fyrirtækja.

Ásunum tveimur á myndinni til hægri er ætlað að skeyta saman rekstrarhæfi og styrkleika efnahagsreiknings

- Skuldamargfeldi til að meta hversu vel reksturinn 2020 getur staðið undir við skuldsetningu við árslok 2021
- Skuldahlutfall til að meta styrkleika efnahagsreiknings

Stuðst er við mismunandi veðhæfi eftir einkennandi greinum til að leggja mat á hvort veð séu í lagi (veðhlutfall frá 70% upp í 100%)

Leiða má líkur að því að fjármálastofnanir leggi frekar áherslu á að ná utan um félög í rekstrar- og fjárhagserfiðleikum sem eru með veð í lagi. Önnur félög þurfa að auka hlutfé eða leita lagalegra úrræða við fjárhagslega endurskipulagningu

Athuga ber að leiguskuldbinding er skuldbinding utan efnahags hjá flestum félögum sem myndi að öðru óbreyttu hækka verulega skráðar langtímaskuldir í efnahagsreikningi ef alþjóðlegum reikningskilastöðlum væri beitt.



Kennitölur og skilgreiningar á ásunum eru til viðmiðunar. Fleiri þættir en hér koma fram geta hafa áhrif á fjárhagsstöðu fyrirtækja og viðmið eru mismunandi eftir atvinnugreinum og milli einstakra fyrirtækja.




Rekstrarhæfi fyrirtækja 2022 það sama og 2019



Hlutfall fyrirtækja á hættusvæði árið 2022 er það sama og árið 2019

Hlutfall fyrirtækja með viðunandi skuldsetningu er áætlað 71% árið 2022 og hlutfall fyrirtækja á hættusvæði er áætlað 29%.

Hluti fyrirtækja eftir rekstrarhæfi og heildarfjöldi fyrirtækja




Hvar eru fyrirtækin við árslok 2021 sem voru skilgreind í jafnvægi og rauð árið 2020?

67% af fyrirtækjum í jafnvægi árið 2020* eru ennþá í jafnvægi við árslok 2021. 56% af rauðum fyrirtækum árið 2020* eru ennþá rauð við árslok 2021.


Staða fyrirtækja við árslok 2021 miðað við stöðu 2020

Fyrirtæki í jafnvægi 2020



- Í jafnvægi 2021
- Rautt en veð í lagi 2021

Rauð fyrirtæki 2020



- Veik eiginfjárstaða 2021
- Rautt 2021
- Afkoma ber illa skuldsetningu 2021
- Hætt 2021

*Rekstrarhæfi fyrirtækja 2020 tekur mið af skuldastöðu 2020 og afkomu (EBIT) 2019.

Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.



Skuldir fyrirtækja á hættusvæði lækka



Bætt staða frá 2020 til 2021

Vaxtaberandi skuldir hækkuðu samtals um 18 ma.kr. milli 2020 og 2021 en skuldir sem voru hjá rauðum fyrirtækjum lækka um 37 ma.kr. milli 2020 og 2021.


63% af skuldum sem voru hjá fyrirtækjum með ósjálfbæran rekstur og efnahag 2020 á fyrirtækjum með veika eiginfjárstöðu.

84 ma.kr. af vaxtaberandi skuldum, eða 48% skulda, eru hjá fyrirtækjum á skilgreindu áhættusvæði árið 2021, samanborið við 58% árið 2020.

Dreifing skulda 2021 hjá þeim fyrirtækjum sem skilgreind voru rauð 2020



Vaxtaberandi skuldir eftir rekstrarhæfi fyrirtækja við árslok 2021 Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Viðauki I


Einkennandi greinar

Rekstrartekjur einkennandi greina

Rekstrartekjur ferðaþjónustu án flugs
Í milljörðum króna



Rekstrartekjur einkennandi greina
Í milljörðum króna




Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa, Fjármálaráðuneytið og greining KPMG.

Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Rekstrarkostnaður einkennandi greina




Rekstrarkostnaður
Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa, Fjármálaráðuneytið og greining KPMG.

Rekstrarkostnaður einkennandi greina
Í milljörðum króna




Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Rekstrarafkoma einkennandi greina 2021




EBITDA og EBIT %
Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa, Fjármálaráðuneytið og greining KPMG.


EBITDA og EBIT %
Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.


Fastafjármunir/fjárfestingar einkennandi greina

Fastafjármunir
Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.


Fastafjármunir einkennandi greina 2021
Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.


Aðrar skammtímaskuldir einkennandi greina

Aðrar skammtímaskuldir
Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.


Aðrar skammtímaskuldir einkennandi greina
Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.


Vaxtaberandi skuldir einkennandi greina

Vaxtaberandi skuldir og EBIT margfeldi skulda
Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.


Vaxtaberandi skuldir og EBIT margfeldi skulda við árslok 2021
Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.


Þróun eigin fjár einkennandi greina

Eigið fé
Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Eigið fé og eiginfjárlutfall
Í milljörðum króna



Heimild: Creditinfo, Ferðamálastofa og greining KPMG.

Viðauki II

Gagnalýsing og greiningarvinna

Almennt	Ársreikningar frá 2.358 félögum fyrir árin 2017 – 2021 eru á bakvið þessa greiningu. Fyrir árið 2021 eru ársreikningar fyrir 2.180 félög.
Creditinfo	<p>Gögnin sem dregin hafa verið saman eru fengin hjá Creditinfo og byggja á ársreikningum fyrirtækja sem uppfylla skilyrði ISAT flokkunar sem tengist ferðaþjónustu. Notast er við ársreikninga fyrir rekstrarárin 2016-2021.</p> <p>Skýrslan inniheldur jafnframt gögn frá Hagstofu Íslands um fjölda starfandi í greininni. Misræmi er í fjölda stöðugilda samkvæmt Creditinfo og fjölda starfandi samkvæmt Hagstofu Íslands. Ástæðuna má rekja til tveggja þátta: 1) Fjöldi starfandi er summan af öllum launþegum í greininni en fjöldi stöðugilda er reiknaður út frá heilsársstöðugildum og 2) tölfræði Hagstofunnar nær til stærra þýðis en Creditinfo þar sem gögnin frá Creditinfo hafa verið takmörkuð með skilyrðum sem sjá má hér að neðan.</p>
Skilyrði	<p>Til þess að auka áreiðanleika gagnanna var eftirfarandi skilyrðum beitt á gagnasett Creditinfo:</p> <ul style="list-style-type: none">• Kennitölur á félagiformi (ekki einstaklingar í rekstri)• ISAT flokkar sjá viðauka.
Fjöldi fyrirtækja	<p>Heildarfjöldi fyrirtækja sem uppfyllti ofangreindar niðurstöður og er í gagnasettinu er breytilegur milli ára.</p> <ul style="list-style-type: none">• Talsvert var um að félög höfðu ekki skilað ársreikningi fyrir árið 2021. Undantekning var gerð í þeim tilvikum þar sem félög höfðu verið tekin til gjaldþrotaskipta eða ef ISAT skráningu hafði verið breytt milli ára.• Flugfélög og félög í flugtengdri starfsemi fjarlægð af listanum og þýðið sem unnið er með telur því samtals 2.180 félög.
Aðlaganir	<p>ISAT flokkun</p> <p>Félögin voru dregin saman í flokka einkennandi greina ferðaþjónustu og er fjallað um hvern flokk í samantektinni. Aðlögun í flokka einkennandi greinar ferðaþjónustu má sjá í viðauka.</p> <p>Aðrar mikilvægar aðlaganir</p> <p>Flokkurinn flug inniheldur flugfélög og flugtengda starfsemi. Í þeim flokki hafa þau félög sem starfrækja útsýnisflug með þyrlum verið flokkuð með félögum í afþreyingu.</p> <p>Laun og launatengd gjöld</p> <p>Í þeim tilvikum þar sem gögnin innihéldu fjölda stöðugilda í fyrirtækinu en engan launakostnað eða launakostnað og engin stöðugildi var áætlað fyrir launakostnaði. Í þessum tilvikum var launakostnaður eða stöðugildi leitt út með því að nota meðaltalslaunakostnað í viðkomandi undirgrein.</p>

ISAT Flokkun og aðlaganir

ISAT Nr.	Skýring	Flokkun KPMG	Athugasemdir og aðlaganir
49.39.0	Aðrir farþegaflutningar á landi	Hóperðir	
79.12.0	Ferðaskipuleggjendur	Afþreying	
56.21.0	Veislubjónusta	Veitingarekstur	
55.10.1	Hótel og gistiheimili með veitingabjónustu	Gististaðir	
77.11.0	Leiga á bifreiðum og léttum vélknúnum ökutækjum	Bílaleigur	
79.90.0	Önnur bókunarbjónusta og önnur starfsemi tengd ferðabjónustu	Ferðaskrifstofur	Öll félög með KSV undir 65% af tekjum eru flokkuð sem Afþreyingarfélög
56.10.0	Veitingastaðir	Veitingarekstur	
79.11.0	Ferðaskrifstofur	Ferðaskrifstofur	
96.04.0	Nuddstofur, sólbaðsstofur, gufuböð o.þ.h.	Annað	Mengið inniheldur eingöngu valin félög í ferðabjónustu
55.20.0	Orlofsdvalarstaðir og annars konar gistaðstaða	Gististaðir	
68.20.2	Leiga atvinnuhúsnæðis	Annað	Mengið inniheldur eingöngu valin félög í ferðabjónustu
55.10.2	Hótel og gistiheimili án veitingabjónustu	Gististaðir	
56.30.0	Krár, kaffihús og dansstaðir o.þ.h.	Veitingarekstur	
71.12.2	Starfsemi á sviði landmælinga; jarðfræðilegar rannsóknir	Afþreying	Mengið inniheldur eingöngu valin félög í ferðabjónustu
55.30.0	Tjaldsvæði, svæði fyrir húsbíla og hjólhýsi	Gististaðir	
50.30.0	Farþegaflutningar á skipgengum vatnaleiðum	Afþreying	
91.02.0	Starfsemi safna	Afþreying	
55.90.0	Önnur gistaðstaða	Gististaðir	
50.10.0	Millilanda- og strandsiglingar með farþega	Afþreying	
51.10.2	Farþegaflutningar með leiguflugi	Flug	Félög með þyrlurekstur flokkuð sem afþreying
49.32.0	Rekstur leigubíla	Hóperðir	
51.10.1	Farþegaflutningar með áætunarflugi	Flug	
56.29.0	Önnur ótalin veitingabjónusta	Veitingarekstur	
52.23.0	Þjónustustarfsemi tengd flutningum með flugi	Flug	
93.29.0	Önnur ótalin skemmtun og tómsundastarf	Afþreying	
93.13.0	Heilsu- og líkamsræktarstöðvar	Afþreying	Sótt sér - Mengið inniheldur eingöngu valin félög í ferðabjónustu
64.20.0	Starfsemi eignarhaldsfélaga	Hóperðir	Sótt sér - Mengið inniheldur eingöngu valin félög í ferðabjónustu

Skuldahlutfall

Skuldir / EBIT*

- Skuldahlutfall er hlutfallið milli vaxtaberandi skulda annars vegar og rekstrarhagnaðar hins vegar.
 - Vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímaskuldir, hlaupareikningslán og næsta árs afborganir.
 - Ekki er hægt að útiloka að vaxtaberandi skuldir fyrirfinnist í öðrum liðum efnahagsreikningsins.
- Skuldahlutfallið hefur verið aðlagð fyrir tilvikum þar sem er rekstartap. Í þeim tilvikum er rekstrarniðurstöðu sleppt við útleiðslu nefnara í hlutfallsútreikningi.

Skilgreiningar á rekstrarhæfi (bls 33-35)

Skuldahlutfall á y-ás

Skuldahlutfall er öfugt eiginfjárlutfall, þ.e. 1 að frádregnu eiginfjárlutfalli. Félög með 100% eiginfjárlutfall lenda á 0 og félög með 0% eiginfjárlutfall á 1 á ás sem nær frá 0-1,5. Félög með neikvætt eiginfjárlutfall lenda þar fyrir ofan. Vörpun á sér stað þar sem félög með eiginfjárlutfall minna en – 49% er varpað í 1,49.

Skuldamargfeldi á x-ás

Skuldamargfeldi samsvarar aðlöguðu skuldahlutfalli sem áður hefur verið skilgreint. Þrenns konar varpanir eiga sér stað:

- 1) Sé fyrirtæki með skuldamargfeldi umfram 14,9 er því varpað í 14,9.
- 2) Sé fyrirtæki rekið með tapi og vaxtaberandi skuldir eru umfram handbært fé er því varpað í skuldamargfeldi 14,9.
- 3) Sé fyrirtæki rekið með tapi en handbært fé samsvari eða sé umfram vaxtaberandi skuldir er því varpað í skuldamargfeldi 7,5

Uppfylli fyrirtæki ekkert af þremur fyrrgreindum atriðum er skuldamargfeldi reiknað beint út frá gildum í ársreikningi.

Skilgreiningar stöðukorts (aðgerðaflokkar)



1: Rekstur og efnahagur í jafnvægi (grænt)

Í þennan flokk falla fyrirtæki með skuldamargfeldi minna en 7,5 og skuldahlutfall minna en 0,75.

2: Veik eiginfjárstaða (gult) Skuldamargfeldi minna en eða jafnt og 7,5 og skuldahlutfall meira en eða jafnt og 0,75. Í þennan flokk falla fyrirtæki með tiltölulega lágar skuldir en veika eiginfjárstöðu auk fyrirtækja sem rekin eru með tapi, eiginfjárstaða er veik en eru með handbært fé umfram vaxtaberandi skuldir.

3: Rekstrarafkoma ber illa skuldsetningu (gult)

Skuldamargfeldi meira en eða jafnt og 7,5 og skuldahlutfall minna en 0,75. Í þennan flokk falla félög með tiltölulega sterka eiginfjárstöðu en háar skuldir. Einnig falla í þennan flokk fyrirtæki sem rekin eru með tapi, hafa tiltölulega sterka eiginfjárstöðu og handbært fé umfram vaxtaberandi skuldir.

4: Ósjálfbær rekstur en veð í lagi (rautt)

Lítur sömu skilyrðum og 5) en veðhlutfall (asset cover ratio - sjá skilgreiningu) er innan skilgreindra marka. Fyrir bílaleigur er miðað við veðhlutfallið 1, fyrir hópferðir, afþreyingu og veitingarekstur og er miðað við veðhlutfall 0,7 en fyrir gististaði og annan rekstur 0,9.

5: Ósjálfbær rekstur (rautt)

Fyrirtæki með skuldamargfeldi meira en 7,5 og skuldahlutfall meira en eða jafnt og 0,75. Einnig falla hér þau félög sem rekin eru með tapi og vaxtaberandi skuldir eru umfram handbært fé. Í þennan flokk falla einnig öll félög með aðlagað skuldahlutfall umfram 14,9 óháð eiginfjárlutfalli og eiginfjárlutfall minna en -49%.

Á stöðukorti er sýnd talning á þeim félögum sem falla í hvern flokk fyrir sig og heildar-vaxtaberandi skuldir allra félaga sem falla í hvern flokk sýnd á aðliggjandi ritum.

Helstu forsendur spálíkans

Rekstrarreikningur

- Inntaksbreyta er fjöldi gistinguáttanna erlendra ferðamanna sem segir til um tekjur per ferðamann og skalast eftir fjölda ferðamanna.
 - Gert er ráð fyrir að hlutfall innlendra veltu sé á bilinu 15% og allt að 50% eftir einkennandi greinum og að sú velta þróast óháð fjölda ferðamanna.
- Rekstrarkostnaður er áætlaður sem hlutfall af rekstrartekjum og er þá horft til árána 2019 og 2020 til að ætla kostnaðarhlutföll kostnaðarliða utan launakostnaðar. Ráðningarstyrkir eru svo dregnir frá uppreiknuðum launakostnaði.
- Launakostnaður er áætlaður út frá áætluðum fjölda stöðugilda og þróun á kostnaði pr. stöðugildi.

Vaxtagjöld eru áætluð m.v.:

- Meðalstöðu vaxtaberandi skulda á móti vaxtagjöldum þó að hámarki 10%.

Efnahagsreikningur

- EBITDA og nettó vaxtakostnaður koma til hækkunar eða lækkunar á yfirdrætti undir skammtímaskuldum.
- Afskriftir fastafjármuna dragast frá varanlegum rekstrarfjármunum fyrra árs.
- Fjárfestingar eru áætlaðar sem 50% af afskriftum hjá afþreyingu, ferðaskrifstofum, gististöðum, hópferðum og í veitingarekstri.
- Fjárfestingar hjá bílaleigum eru áætlaðar út frá breytingu í bílflota milli ára.
- Ársniðurstaða leggst við óráðstafað eigið fé fyrra árs.
- Tekjuskattar eru 20% af hagnaði fyrir skatta til hækkunar og lækkunar á öðrum skammtímaskuldum.

Í eftirfarandi liðum er gert ráð fyrir sömu gildum og í árslok 2019:

- Afskriftir fastafjármuna, óefnislegar eignir, fasteignir, eignahlutur í dóttur- og hlutdeildarfélagum, eignahlutur í öðrum félagum, áhættufjármunir og langtímakröfur, veltufjármunir alls, hlutafé og stofnfé, endurmatsreikningur, yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár, lögbundinn varasjóður, annað eigið fé, hlutdeild minnihluta í eigin fé, skuldbindingar alls, langtímaskuldir alls, viðskiptaskuldir, skuldir tengdra félaga, fyrirfram innheimtar tekjur, næsta árs afborganir.

Eftirfarandi liðir eru áætlaðir sem 0:

- Virðisrýrnun viðskiptavildar, matsbreyting fjárfestingareigna, vaxtatekjur, gengismunur, aðrir fjármagnsliðir, aðrar tekjur og gjöld, áhrif hlutdeildar- og dótturfélaga, viðskiptavild.

Fyrirvari KPMG

KPMG ber ekki skylda til að uppfæra skýrsluna vegna upplýsinga sem fram kunna að koma eftir að skýrslan hefur verið gefin út.

Upplýsingarnar og útreikningarnir fela ekki í sér staðfestingu frá KPMG á áreiðanleika þeirra gagna og heimilda sem vinnan er byggð á en bent er á að niðurstaða slíkrar könnunar gæti haft áhrif á undirliggjandi gögn og þar af leiðandi niðurstöður greininga. KPMG getur því hvorki ábyrgst nákvæmni eða áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi.

Gert er ráð fyrir að lesendur rýni í þessi gögn og annað það er liggur til grundvallar niðurstöðum og að lesendur túlki upplýsingarnar í tengslum við þeirra eigin kringumstæður og önnur atvik sem við þá kunna að eiga.

Öll ákvörðunartaka í tengslum við upplýsingarnar og útreikningana er alfarið í höndum verkkaupa eða annarra aðila sem að málinu kunna að koma og ber KPMG enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli þeirra.



kpmg.com/socialmedia

©2023 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.